

Lög

Félag eldri borgara í Dalasýslu og Reykhólahreppi (FEBDOR)

1.kafli.

Nafn, heimili og tilgangur

Félagið heitir: Félag eldri borgara í Dalabyggð og Reykhólahreppi. Heimili þess og varáing er í Búðardal. Félagið er óháð stjórn málaflökkum og hlutlaust í trúarmálum. Hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna og réttinda eldra fólks á félagssvæðinu sínu.

Tilgangi þessum hyggst félagið ná með því:

- Að vinna að því að skapa efnahagslegt öryggi og gott umhverfi hjá öldruðum.
- Að vinna að úrbótum í húsnæðismálum aldraða.
- Að efla félagsvinnu og tómstundaaðstöðu aldraða á félagssvæðinu.
- Að fylgjast með og stuðla að því að aldraðir hafi sem greiðastan aðgang að heilbrigðis- og þjónustustofnunum og opinberum byggingum og njóta þar góðra fyrirgreiðslu og auðveldar aðkomu.
- Að félagið verði viðurkenndur tillögu- og umsagnaraðili um málefni aldraða í sveitarstjórnnum og vinni með félagsmálanefndum sveitastjórnar og hagsmunamálum aldraða á félagssvæði þess.

2.kafli.

Skilyrði félagsaðildar

Réttur til að gerast félagsmenn eiga þeir sem náð hafa 60 ára aldri eða eftirlaunaaldri, sé hann fyrr, og einnig makar félagsmanna þó yngri séu.

Félög, fyrirtæki og einstaklingar geta orðið styrktaraðilar.

Árgjald skal ákveða á aðalfundi til eins árs í senn og má því aðeins breyta á aðalfundi.

3.kafli.

Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir 1.apríl ár hvert og boða til hans með minnst viku fyrirvara með auglýsingu í blöðum eða bréflega. Einfaldur meiri hluti ræður úrslitum mála á aðalfundi.

Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi og þarf 2/3 atkvæði til, enda hafa tillögu um breytingar á lögum félagsins verið getið í fundarboði og kynntar félagsmönnum a.m.k viku fyrir aðalfund.

Aðalfundur er löglegur hafi löglega verið til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera:

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið ár.
2. Lagðir fram endurskoðaðir félagsreikningar.
3. Kosningar stjórnar og varastjórnar.
4. Kosning skoðunarmanna.
5. Ákvörðun árgjalds.
6. Önnur mál.

4.kafli.

Trúnaðarmenn

Í stjórn félagsins skulu sitja fimm stjórnarmenn og tveir varamenn, einnig skal hafa tvo skoðunarmenn.

Annað árið eru kosnir tveir stjórnarmenn, einn varamaður og einn skoðunarmann.

Hitt árið eru kosnir þrír stjórnarmenn, einn varamaður og einn skoðunarmann.

Stjórnarmenn, varamenn og skoðunarmenn eru kosnir til tveggja ára.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Hún ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins og skuldbindur það gagnvart öðrum aðilum.

Almennir félagsfundir

Stjórn félagsins boðar til almennra funda svo oft sem hún telur tilefni til og skulu þeir boðaðir með auglýsingu í fjölmiðlum innan félagssvæðisins.

Stjórnarfundir

Formaður boðar stjórnarfundir. Hann skal boða aðal- og varastjórnarmenn. Varamenn hafa málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema þeir taki sæti fjarstaddra aðalmanna. Rita skal fundargerð stjórnarfunda.

5.kafli.

Félagsslit

Koma fram tillaga um félagsslit skal hún sæta sömu meðferð og tillaga um breytingar á samþykktum félagsins bæði í fundarboðum og afgreiðslum á fundi. Við slit félagsins skulu eignir þess renna til almennra hagsmunamála aldraða í Dalasýslu og Reykhólahreppi.

Samþykkt á aðalfundi 14.mars 2024.